

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Voga, nr. 925/2013.

#### 1. gr.

Við samþykktina bætist viðauki um fullnaðarafgreiðslu skipulags- og byggingarfulltrúans í Sveitarfélaginu Vogum í samræmi við heimildir í 52. gr. samþykktarinnar, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Viðaukinn er birtur með samþykkt þessari.

#### 2. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 23. maí 2018.*

F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**

*Stefanía Traustadóttir.*

#### VIÐAUKI I

### Um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúans í Sveitarfélaginu Vogum.

#### 1. gr.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Sveitarfélaginu Vogum fer með verkefni sem mælt er fyrir um í lögum nr. 160/2010 um mannvirki, með síðari breytingum og ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna. Jafnframt afgreiðir hann mál, sbr. heimild í 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sem talin eru upp í 2. gr. með þeim takmörkunum sem fram koma í 3. gr.

Um afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna.

Um afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa gilda einnig ákvæði samþykktar um stjórn Sveitarfélagsins Voga.

#### 2. gr.

Skipulags- og byggingarfulltrúa er heimilt að afgreiða auglýstar eða grenndarkynntar deiliskipulagstillögur sem engar athugasemdir berast við til Skipulagsstofnunar og auglýsa í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. málsl. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nema umhverfis- og skipulagsnefnd ákveði annað þegar samþykkt er að auglýsa tillögurnar.

Skipulags- og byggingarfulltrúa er heimilt að gefa út framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslaga sem eru í samræmi við skipulagsáætlanir og mat á umhverfisáhrifum.

Skipulags- og byggingarfulltrúa er heimilt að skipta jörðum, löndum og lóðum og breyta landamerkjum án staðfestingar umhverfis- og skipulagsnefndar, sbr. 48. gr. skipulagslaga.

Skipulags- og byggingarfulltrúa er heimilt að gefa út byggingar- eða framkvæmdaleyfi vegna leyfisumsókna sem hafa verið grenndarkynntar skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og engar athugasemdir berast við eða þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafa lýst skriflega yfir með áritun sinni á kynningargögn áður en fjórar vikur eru liðnar að þeir geri ekki athugasemdir við hina leyfisskyldu framkvæmd.

## 3. gr.

Undanskilin frá afgreiðslum skv. 1. gr. eru almennir byggingarskilmálar sem umhverfis- og skipulagsnefnd setur og nafngiftir á hverfum, götum og torgum sem bæjarstjórn ákveður að fengnum tillögum umhverfis- og skipulagsnefndar.

## 4. gr.

Skipulags- og byggingarfulltrúi getur ávallt vísað máli skv. 1. og 2. gr. til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsnefndar, sérstaklega ef ætla má að aðili muni ekki vilja sæta niðurstöðu hans.

## 5. gr.

Afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa skv. 1. og 2. gr. skulu fara fram á formlegum afgreiðslufundum og skal ritari halda fundargerðir yfir afgreiðslur hans sem lagðar verða fram á næsta reglulega fundi bæjarráðs til kynningar. Í fundargerðunum skal koma fram nafn umsækjanda, um hvað er sótt og hvernig afgreiðslu málið fékk hjá skipulags- og byggingarfulltrúa. Í fundargerð bæjarráðs skal koma fram að fundargerðin hafi verið lögð fram. Skal fundargerðin varðveitt undirrituð af skipulags- og byggingarfulltrúa.

## 6. gr.

Eftir að skipulags- og byggingarfulltrúi hefur afgreitt mál skal hann tilkynna málsaðila formlega um ákvörðun sína. Eftir að ákvörðun hefur verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju innan þriggja mánaða ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef aðstæður hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til bæjarráðs.

## 7. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu skipulags- og byggingarfulltrúa, er honum heimilt að skjóta afgreiðslu hans til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 59. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki. Skal aðilum leiðbeint um kærufrest þegar um kæranalega ákvörðun er að ræða.